

3. gr.

Íbúðalánasjóður greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á vísitölu neysluverðs frá útgáfudegi bréfanna, 15. desember 1997 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. desember 1997.

4. gr.

Íbúðalánasjóður innleysir og endurgreiðir húsbref flokkanna að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. september 1998. Húsbrefaflokkunum skal lokað eigi síðar en 1. september 2001. Dregin verða út númer úr gildum óinnleystum húsbrefum, sem afgreidd hafa verið þremur mánuðum fyrir viðkomandi gjalddaga. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð, sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkana gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Verði húsbref ekki dregin út, greiðast þau að fullu á lokagjalddaga. Lokagjalddagi 1. flokks er 15. desember 2022 og 2. flokks 15. desember 2037. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 21., 22., 24. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbréfa á árunum 1999, 2000 og 2001 fyrir Íbúðalánasjóð, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. september 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Bretlandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Bretlandi sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörurnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15

sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfissráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsingin öðlast gildi 26. september og gildir til 15. desember 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.